

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar.

Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á [Mínum síðum](#) Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er brunatrygging húseigna?

Brunatrygging húseigna er lögboðin skyldutrygging og er váttryggt samkvæmt lögum um brunatryggingar. Hún bætir tjón sem verða á húsnæði og venjubundnu fylgifé þess. Váttryggingarfjárhæð er í samræmi við brunabótamat hússins sem unnið er af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Þar sem um skyldutryggingu er að ræða er ekki hægt að segja tryggingunni upp nema að búið sé að ganga frá samningi við annað tryggingafélag. Með brunatryggingu húseigna stofnast sjálfkrafa váttryggingarvernd hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón vegna eldsvoða, eldinga, sótfalls eða sprenginga svo sem gassprenginga við eldunartæki.
- ✓ Tjón á öllum föstum innréttingum svo sem eldhús- og baðinnréttingum.
- ✓ Tjón á gólfefnum.
- ✓ Tjón á skjólveggjum og pöllum.
- ✓ Tjón á eldavélum.
- ✓ Kostnað við það að hreinsa og ryðja burt brunarústum.
- ✓ Kostnað tengdan björgunar- og slökkvistarfi.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Óbeint tjón, svo sem rekstrartap eða missir húsaleigutekna.
- ✗ Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskyldu tjónsatburðar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á.
- ! Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, slökkviliðum og Löggildingarstofu.
- ! Ef váttryggingartaki og fjölskylda hans valda tjóni af gáleysi eða undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja, er heimilt að skerða bætur.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Veita Verði, ef nauðsyn krefur, aðgang að hinu váttryggða húsnæði til þess að skoða það og umbúnað þess.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á [Mínum síðum](#) Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti. Iðgjöld hvíla sem lögveð á váttryggðri húseign og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á húseigninni hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.



Hvenær hefst váttryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu. Með uppsögn skal senda staðfestingu þess efnis að stofnað hafi verið til nýrrar tryggingar hjá öðru váttryggingarfélagi. Þar sem um skyldutryggingu er að ræða er Verði óheimilt að segja tryggingunni upp vegna vanskila á iðgjöldum.